

Borgarráð 19.7.'18: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands, Miðflokksins og Flokks fólksins um friðlýsingu Elliðaárdals - R18070131

Lagt er til að unnið verði að því að Elliðaárdalurinn verði friðlýstur vegna sérstaks náttúrufars og dýralífs.

Greinargerð:

Elliðaárdalurinn er náttúruperla sem er stærsta græna svæðið í Reykjavík. Verndargildi hans er ótvírætt: Náttúrufar þar er einstakt og fuglalíf afar fjölbreytt og fá svæði í borginni búa yfir jafn miklum fjölda fuglategunda. Jarðsagan er stórbrotin en finna má setlög þar frá lokum ísaldar, einkum strandseti frá hærri sjávarstöðu og neðarlega í dalnum má sjá stóra strandhjalla. Leitarhraun mótar landslag Elliðaárdalsins en það er 4500 ára gamalt hraun. Elliðaárnar hafa rofið hraunið myndað fossa í ánni en stærstu fossarnir eru Selfoss og Stórifoss skammt fyrir neðan Árbæjarstífluna. Laxveiði hefur verið stunduð í Elliðaánum frá fornu fari, líklega frá upphafi byggðar í Reykjavík.

Árið 2012 friðlýsti þáverandi menntamálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir, einungis hús í Elliðaárdalnum en ekki dalinn sjálfan. Það er mikilvægt að dalurinn verði friðlýstur til að vernda þessa einstöku náttúruperlu fyrir ágangi nýrra bygginga og mannvirkja. Einungis eru fimm friðlýst svæði innan borgarmarkanna en það eru Fossvogsbakkar, Háubakkar, Laugarás, Rauðhólar og Eldborg í Bláfjöllum.